

Ed.

618. Nefndarátt

um frumvarp til laga um landingarbætur í Þorlákshöfn.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður leggi fram helming kostnaðar við landingarbætur í Þorlákshöfn. Þetta tillag ríkissjóðs er að sönnu nokkru hærra en venja er til, að ríkissjóður hafi lagt í landingarbætur annarsstaðar á landinu. En þar sem hagar nokkuð á annan veg til með þennan stað en flesta aðra staði, sem landingarbætur hafa verið gerðar á, að því leyti, að

lendingarbæturnar eru gerðar með tilliti til þess aðallega, að Þorlákshöfn sje og verði neyðarhöfn fyrir nærliggjandi verstöðvar, svo sem Eyrarbakka og Stokks-eyri, þá sjer nefndin ekki fært að leggja á móti því, að nokkru meiru sje varið úr rikissjóði hlutfallslega til lendingarbóta þar en annarsstaðar á landinu. Einnig myndu breytingar á frumvarpinu hafa þær afleiðingar í för með sjer, að frumvarpið myndi traúðla ná fram að ganga á þessu þingi, þar sem nú er komið að þingslitum.

Af framansögðu leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. maí 1929.

Erlingur Friðjónsson,
form. og frsm.

Ingvar Pálmason,
fundaskrifari.

H. Steinsson.